

Hafnarstjórnarfundur haldinn á skristofu Langanesbyggðar miðvikudaginn 30. október 2013 kl 12:00.

Mættir eru: Rafn Jónsson formaður, Jónas Jóhannsson, Birgir Ingvarsson, Almar Marinósson, Ólafur Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir sem skrifaði fundargerð.

1. Rekstur hafnarinnar.

Lögð fram útkomuspá fyrir árið 2013 og farið gróflega yfir heildartekjur og heildargjöld. Útkomuspá gerir ráð fyrir aðeins betri afkomu en í fyrra.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2014 verður send hafnarnefnd þegar hún er klár.

2. Dýpkunarframkvæmdir.

Almar kynnti stöðuna á dýpkunarframkvæmdum. Það virðist vera drullusöfnun á greftrunarsvæðinu aftur og aftur, virðist leka niður af innra svæðinu laus sandur.

Björgun var að vinna í aukaverki í gær. Mikið magn sem þeir eru búnir að grafa upp inn úr krikanum.

Fundarmenn fengu yfirlit yfir stöðu á kostnaði vegna hafnarframkvæmdanna.

Búið að taka upp flotbryggjuna á Bakkafirði. Þar þarf að endurnýja allar festingar. Verið að semja við köfunarþjónustuna um að setja bryggjuna upp aftur. Reynum að öðru leyti að vinna þetta sem mest sjálf.

Rafn kynnti Björgun muni setja niður 2 rör í hafnargarðinn til að setja á endurskinsmerki á. Búið að fá rörin frá Landeyjarhöfn.

3. Umsögn vegna endurvigtunarleyfis fyrir Halldór ehf kt: 550502-8520.

Hafnarnefnd samþykktir fyrir sitt leyti að veita Halldóri ehf kt: 550502-8520 endurvigtunarleyfi.

Sveitarstjóra falið að koma umsögn hafnarnefndarinnar á framfæri við Fiskistofu.

4. Bláfánaverkefnið.

Almar kynnti þær upplýsingar sem hann hefur aflað sér um Bláfánahafnir. Ákveðnar skyldur og kvaðir sem fylgja þessu.

Hafnarnefnd telur ekki rétt að fara í þetta verkefni núna en þarf að skoða síða.

5. Gjaldskrá Langaneshafna.

Lögð fram tillaga að hækkun á gjaldskrá fyrir Langaneshafnir.

Ólafur fór yfir þá liði sem hækkuðu og bar það saman við aðrar hafnir.

Forsendur hækkuna á gjaldskrá ræddar.

Þarf að skýra betur með útkall vegna vigtunar í gjaldskránni.

Hafnarnefnd samþykkti gjaldskránni samhjóða.

Ákveðið að gjaldskráin taki gildi 1. nóvember 2013.

Fleira ekki gert

Fundi slitið kl 13:10